

HUGSMÍÐAR

OG HÆFNIMIÐAÐ NÁM

Ráðstefna miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri haldin 18. apríl 2015



Háskólinn
á Akureyri

Efnisyfirlit

Dagskrá	3
Yfirlit málstofa	6
Aðalerindi	7
Integrating talk for learning	7
Hver konar hæfni er gott hugferði?	8
Hæfni í aðalnámskrá, hvað svo?	9
Talk for Learning – samræður til náms	10
Ágrip af málstofuerindum	12
Málstofa 1.1 – stofa M201	12
Ekki hvað við kennum: Efling læsis og þróun kennsluhátta á unglíngastigi.....	12
Árangursríkar aðferðir í námi og kennslu: Rannsóknir og námsárangur	12
Samvinnunám og skóli án aðgreiningar	13
Málstofa 1.2 – stofa M202	13
Meistaránám í stjórnun skólastofnana: Áhrif á starfsþróun og starfshæfni skólastjóra?	13
Þróun skólastarfs í Árborg í anda lærdómssamfélags.....	14
Þróun lærdómssamfélags í grunnskólum Eyjafjarðar	14
Málstofa 1.3 – stofa M203	15
Leikjavæðing náms.....	15
Rafrænt nám í Brekkuskóla.....	15
Viðmið um gæði náms og kennslu	15
Málstofa 1.4 – stofa L201	16
How can teacher – student dialogue help students to learn?.....	16
Kúnstin að tala saman.....	16
Hugleikur: Samræður til náms	17
Málstofa 1.5 – stofa L202.....	17
Skilaboðaskjóðan í Mánagarði	17
Við erum öll í sama liði: Bernskulæsi í leikskólum Reykjanesbæjar.....	18
Leikum okkur með orðum: Þróunarverkefni með tvítýngdum börnum og foreldrum þeirra	18
Málstofa 1.6 – stofa L203.....	19
Leiðsagnarmat og vörðuvíkur	19
Verkefnamiðað nám, leiðsagnarmat, grunnþættir og lykilhæfni, námsmat og ég – kennarinn!	19
Persónumennt og hugleiðingar um framtíð menntunar	19
Málstofa 2.1 – stofa M201	20
Catalyst: Rafræn skráning í atferlisþjálfun.....	20
Menntun tvítýngdra barna í íslensku skólakerfi í ljósi skóla án aðgreiningar og fjölmennningarlegrar menntunar	20

Málstofa 2.2 – stofa M202	22
Lykilhæfni í list- og verkgreinum	22
Sjónrænt skipulag – hvatning til góðrar vinnu	22
Málstofa 2.3 – stofa M203	23
Ný námskrá VMA: Ytri þættir og áhrif þeirra	23
Heilsumarkmiðin mín	23
Málstofa 2.4 – stofa L201	24
Leiðir sem efla læsi: Nám barna – hlutverk foreldra	24
Nokkur einkenni starfshátta kennara sem nota kennslulíkan Byrjendalæsis	24
Málstofa 2.5 – stofa L202	25
Námsaðlögun og þátttaka nemenda í læsisnámi á yngsta stigi grunnskóla	25
Hugsmíðar og hæfnimiðað nám í Byrjendalæsi	25
Málstofa 2.6 – stofa L203	26
Samræðulota um efni ráðstefnunnar	26

Dagskrá

- Kl. 8.30** **Skráning og afhending gagna**
- Kl. 9.00** **Setning**
Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA
- Kl. 9.10** **Integrating Talk for Learning**
Lyn Dawes, kennsluráðgjafi og sérfræðingur í menntavísindum
- Kl. 10.00** **Kaffi**
- Kl. 10.20** **Málstofulota I**
- 1.1 **Ekki hvað við kennum: Efling læsis og þróun kennsluhátta á unglingsstigi**
Ómar Örn Magnússon, aðstoðarskólastjóri í Hagaskóla
Árangursríkar aðferðir í námi og kennslu: Rannsóknir og námsárangur
Guðmundur Engilbertsson, lektor við HA
Samvinnunám og skóli án aðgreiningar
Særún Magnúsdóttir, kennari í Naustaskóla, og Guðmundur Engilbertsson, lektor við HA
- 1.2 **Meistaránám í stjórnun skólastofnana: Áhrif á starfsþróun og starfshæfni skólastjóra?**
Anna Þóra Baldursdóttir, lektor við HA, og Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor við HA
Þróun skólustarfs í Árborg í anda lærdómssamfélags
Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri í Árborg, og Þórdís H. Ólafsdóttir, kennsluráðgjafi skólaþjónustu Árborgar
Þróun lærdómssamfélags í grunnskólum Eyjafjarðar
Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir, forstöðumaður við MSHA, og Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri í Oddeyrarskóla
- 1.3 **Leikjavæðing náms**
Arnar Elísson, kennari í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ
Rafrænt nám í Brekkuskóla
Helena Sigurðardóttir og Margrét Þóra Einarsdóttir, kennarar í Brekkuskóla
Viðmið um gæði náms og kennslu
Kristinn Svavarsson, aðstoðarskólastjóri í Laugarnesskóla
- 1.4 **How can teacher – student dialogue help students to learn?**
Neil Mercer, prófessor við Cambridgeháskóla
Kúnstin að tala saman
Fjóla Kristín Helgadóttir, deildarstjóri í Oddeyrarskóla
Hugleikur: Samræður til náms
Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor við HA, Fríða Pétursdóttir, kennari í Glerárskóla, Helga María Þórarinsdóttir, kennari á Lundarseli, Jórunn Elíadóttir, dósent við HA, og Snorri Björnsson, kennari við VMA

- 1.5 **Skilaboðaskjóðan í Mánagarði**
 Íris Dögg Jóhannesdóttir, aðstoðarleikskólastjóri á leikskólanum Mánagarði
Við erum öll í sama liði: Bernskulæsi í leikskólum Reykjanesbæjar
 Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir, leikskólafulltrúi í Reykjanesbæ, og Kolfinna Njálisdóttir, sérkennsluráðgjafi leikskóla í Reykjanesbæ
Leikum okkur með orðum: Þróunarverkefni með tvítyngdum börnum og foreldrum þeirra
 Nichole Leigh Mosty, skólastjóri á leikskólanum Ösp
- 1.6 **Leiðsagnarmat og vörðuvikur**
 Ívar Rafn Jónsson og Birgir Jónsson, kennarar í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ
Verkefnamiðað nám, leiðsagnarmat, grunnþættir og lykilhæfni, námsmat og ég – kennarinn!
 Sverrir Árnason, kennari í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ
Persónumennt og hugleiðingar um framtíð menntunar
 Hlín Rafnsdóttir og Jóna Svandís Þorvaldsdóttir, kennarar í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ
- Kl. 12.00 Matur**
- Kl. 12.50 Hvers konar hæfni er gott hugferði?**
 Henry Alexander Henrysson, verkefnisstjóri við Háskóla Íslands
- Kl. 13.40 Málstofulota II**
- 2.1 **Catalyst: Rafræn skráning í atferlisþjálfun**
 Auður Friðriksdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, atferlisþjálfarar á leikskólanum Sjálandi
Menntun tvítyngdra barna í íslensku skólakerfi í ljósi skóla án aðgreiningar og fjölmenningarlegrar menntunar
 Magdalena Zawodna, kennari á leikskólanum Barnabóli, og Hermína Gunnþórsdóttir, lektor við HA
- 2.2 **Lykilhæfni í list- og verkgreinum**
 Rannveig Sigurðardóttir, deildarstjóri í Oddeyrarskóla, Ragnheiður Ásta Einarsdóttir og Sigrún Finnsdóttir, kennarar í Oddeyrarskóla
Sjónrænt skipulag – hvatning til góðrar vinnu
 Elín Sigurbjörg Jónsdóttir, sérkennsluráðgjafi við Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar
- 2.3 **Ný námskrá VMA: Ytri þættir og áhrif þeirra**
 Benedikt Barðason, áfangastjóri við VMA, og Anna María Jónsdóttir, verkefnastjóri við VMA
Heilsuþætti mín
 Rakel Dögg Hafliðadóttir, námsráðgjafi í Framhaldsskólanum á Húsavík, Ingólfur Freysson, kennari og brautarstjóri í Framhaldsskólanum á Húsavík, Gunnar Árnason, kennari í Framhaldsskólanum á Húsavík, og Brynhildur Gísladóttir, skólahjúkrunarfræðingur í Framhaldsskólanum á Húsavík

- 2.4 **Leiðir sem efla læsi: Nám barna – hlutverk foreldra**
Ingibjörg Auðunsdóttir, sérfræðingur á MSHA
Nokkur einkenni starfshátta kennara sem nota kennslulíkan Byrjendalæsis
Halldóra Haraldsdóttir, lektor við HA
- 2.5 **Námsaðlögun og þátttaka nemenda í læsisnámi á yngsta stigi grunnskóla**
Rúnar Sigbórsson, prófessor við HA, og Kjartan Ólafsson, lektor við HA
Hugsmíðar og hæfnimiðað nám í Byrjendalæsi
Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor við HA, og Rúnar Sigbórsson, prófessor við HA
- 2.6 **Samræðulota um efni ráðstefnunnar**
Hólmfríður Árnadóttir, sérfræðingur á MSHA

Kl. 14.50 Molakaffi

Kl. 15.00 Hæfni í aðalnámskrá, hvað svo?
Ísak Rúnarsson, nemandi við Háskóla Íslands

Kl. 15.50 Ráðstefnuslit
Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir, forstöðumaður við MSHA

Ráðstefnustjórar

Gunnar Gíslason, fyrrverandi fræðslustjóri á Akureyri, og Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri á Akureyri

Yfirlit málstofa

Málstofulota, þreföld kl. 10.20 – 12.00 (30 mínútur á hvert erindi)					
M 201	M 202	M 203	L 201	L 202	L 203
1.1	1.2	1.3	1.4	1.5	1.6
<p>Ekki hvað við kennum: Efling læsis og þróun kennsluhátta á unglingastigi</p> <p>ÓÓ (Hagaskóla)</p>	<p>Meistaránám í stjórnun skólastofnana: Áhrif á starfsþróun og starfshæfni skólastjóra?</p> <p>ABÞ og SMS (HA)</p>	<p>Leikjavæðing náms</p> <p>AE (Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ)</p>	<p>How can teacher – student dialogue help students to learn?</p> <p>NM (Cambridgeháskóla)</p>	<p>Skilaboðaskjóðan í Mánagarði</p> <p>ÍDJ (Mánagarði)</p>	<p>Leiðsagnarmat og vörðuvikur</p> <p>ÍRJ og BJ (Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ)</p>
<p>Árangursríkar aðferðir í námi og kennslu: Rannsóknir og náms-árangur</p> <p>GE (HA)</p>	<p>Þróun skólastarfs í Árborg í anda lærdómssamfélags</p> <p>ÞH og ÞHÓ (skólaþjónustu Árborgar)</p>	<p>Rafrænt nám í Brekkuskóla</p> <p>HS og MÞE (Brekkskóla)</p>	<p>Kúntin að tala saman</p> <p>FKH (Oddeyrarskóla)</p>	<p>Við erum öll í sama liði: Bernskulæsi í leikskólum Reykjanesbæjar</p> <p>IBH og KN (Fræðsluskriiftofu Reykjanesbæjar)</p>	<p>Verkefnamiðað nám, leiðsagnarmat, grunnþættir og lykilhæfni, námsmat og ég – kennarinn!</p> <p>SÁ (Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ)</p>
<p>Samvinnunám og skóli án aðgreiningar</p> <p>SM (Naustaskóla) og GE (HA)</p>	<p>Þróun lærdómssamfélags í grunnskólum Eyjafjarðar</p> <p>BS (MSHA) og KJ (Oddeyrarskóla)</p>	<p>Viðmið um gæði náms og kennslu</p> <p>KS (Laugarnesskóla)</p>	<p>Hugleikur: Samræður til náms</p> <p>GHF (HA), FP (Glerárskóla), HMB (Lundarseli), JE (HA) og SB (VMA)</p>	<p>Leikum okkur með orðum: Þróunarverkefni með tvítyngdum börnum og foreldrum þeirra</p> <p>NLM (Ösp)</p>	<p>Persónumennt og hugleiðingar um framtíð menntunar</p> <p>HR og JSÞ (Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ)</p>
Málstofulota, tvöföld kl. 13.40 - 14.50					
2.1	2.2	2.3	2.4	2.5	2.6
<p>Catalyst: Rafræn skráning í atferlisþjálfun</p> <p>AF og ÍÓS (Sjálandi)</p>	<p>Lykilhæfni í list- og verkgreinum</p> <p>RS, RÁE og SF (Oddeyrarskóla)</p>	<p>Ný námskrá í VMA: Ytri þættir og áhrif þeirra</p> <p>BB og AMJ (VMA)</p>	<p>Leiðir sem efla læsi: Nám barna – hlutverk foreldra</p> <p>IA (MSHA)</p>	<p>Námsaðlögun og þátttaka nemenda í læsinámi á yngsta stigi grunnskóla</p> <p>RS og KÓ (HA)</p>	<p>Samræður um efni ráðstefnunnar</p> <p>HÁ (MSHA)</p>
<p>Menntun tvítyngdra barna í íslensku skólakerfi í ljósi skóla án aðgreiningar og fjölmenningslegrar menntunar</p> <p>MZ (Barnabóli) og HG (HA)</p>	<p>Sjónrænt skipulag – hvatning til góðrar vinnu</p> <p>ESJ (Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar)</p>	<p>Heilsumarkmiðin mín</p> <p>RDH, IF, GÁ og BG (Framhaldsskólanum á Húsavík)</p>	<p>Nokkur einkenni starfshátta kennara sem nota kennslulíkan Byrjendalæsis</p> <p>HH (HA)</p>	<p>Hugsmíðar og hæfnimiðað nám í Byrjendalæsi</p> <p>SMS og RS (HA)</p>	<p>Samræður um efni ráðstefnunnar</p> <p>HÁ (MSHA)</p>

Aðalerindi

Integrating talk for learning

Lyn Dawes, kennsluráðgjafi og sérfræðingur í menntavísindum
(lyn.dawes@btinternet.com)

Í fyrirlestrinum verður fjallað um mikilvægi samræðna í menntun. Litið verður til samræðna milli kennara og nemenda sem og samræðna milli nemenda í samvinnu. Í fyrirlestrinum verður litið yfir helstu kenningar sem fjalla um áhrif samræðna á vitsmunaproska og lýst hvernig kennarar geta gengið úr skugga um að samræður hafi menntandi áhrif. Einnig verða kynntar aðferðir sem flétta samræðum inn í daglegt skólastarf og gefin dæmi um árangursríkar samræður. Nánari upplýsingar um Talk for Learning er að finna á bls. 10 í ráðstefnuritinu.

This lecture will look at the crucial role of spoken language in education, considering talk between teachers and learners as well as talk between students working together in groups. The lecture will provide a brief overview of theory dealing with the impact of talk on cognitive development, and will describe how teachers can ensure that talk is educationally effective. In addition the lecture will suggest some strategies for integrating talk into classroom activities, and demonstrate the effectiveness of a good discussion.



Lyn Dawes kenndi náttúrugreinar og ensku í grunnskólum á Bretlandi áður en hún tók til starfa við Háskólann í Bedford og kenndi þar kennaranemum. Þá kenndi hún við Háskólann í Northampton og var leiðsagnarkennari við Háskólann í Cambridge. Hún starfar nú sem kennsluráðgjafi með sérstaka áherslu á samræður til náms. Lyn er höfundur og meðhöfundur fjölda bóka um samræður til náms m.a. Teaching primary science (Pearson), The essential speaking and listening (Routledge) og Talking points (Routledge). Lyn kennir einnig lestur í hverfissskólanum sínum.

Hver konar hæfni er gott hugferði?

Henry Alexander Henrysson, verkefnisstjóri við Háskóla Íslands
(hah@hi.is)

Töluverð umræða hefur spunnist um hæfnihugtakið eins og það kemur fyrir í aðalnámskrám frá 2011. Sumir hafa fagnað hversu nemendamiðuð þessi hugsun er en aðrir hafa sett fram efasemdir og telja að mikil áhersla á hæfni nemenda gera skólastarf flóknara og óskilvirkara. Námsmat er til að mynda gjarnan nefnt sem sá hluti skólastarfs sem getur orðið erfiðari í framkvæmd. En er ljóst hvað það er sem gerir námsmatið flóknara? Þurfa námskrár að telja upp það safn staðreynda, kenninga og lögmála sem ætlast er til að nemendur kunni skil á?

Erindið skiptist í þrjú hluta. Í fyrsta hluta verður leitast við að greina hvað það feli í sér að hæfnihugtakið sé „samofið siðferðilegum viðhorfum nemenda“, eins og sagt er í Aðalnámskrá grunnskóla (bls. 37). Í öðrum hluta er lýst nokkurs konar leiðarljósi við gerð hæfniviðmiða og hæfniþrepa samfélagsgreina í grunn- og framhaldsskólum. Í lokahlutanum verður skoðað hvort og hvernig almenn menntun getur eflt siðferðilegt og samfélagslegt viðhorf einstaklinga.



Henry Alexander Henrysson lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Reading, Englandi, árið 2007. Hann hefur verið stundakennari í heimspeki og unnið við rannsóknir við Heimspekistofnun og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands frá árinu 2008. Henry situr í Vísindasiðanefnd og nefnd um skráningu trú- og lífsskoðunarfélaga. Á síðustu árum hefur hann setið í fjölmörgum starfshópum á vegum opinberra aðila og veitt ráðgjöf á sviðum siðfræði og menntamála. Nýlega kom út bókin Hugleiðingar um gagnrýna hugsun sem Henry skrifaði ásamt Páli Skúlasyni.

Hæfni í aðalnámskrá, hvað svo?

Ísak Rúnarsson, nemandi við Háskóla Íslands
(isak1992@gmail.com)

Hverju hefur verið áorkað síðan hæfnihugtakið var skilgreint í aðalnámskrá árið 2011? Ef markmið aðalnámskrár eiga að vera uppfyllt um hæfni þurfa nemendur að vera virkir í sínu námi. Hæfni næst aðeins með beitingu þekkingar og nemendur þurfa því að fá næg tækifæri til þess að beita sér. Ekki dugar að hlusta einungis og leggja á minnið. Spurningunni um hvort tækifærin séu til staðar, nú fjórum árum eftir að markmið um hæfni voru sett, verður velt upp í fyrirlestrinum. Einnig hverjir beri ábyrgð á að ná fram þeim breytingum á námsfyrirkomulagi sem nauðsynlegar eru svo að menntun á Íslandi megi þjóna þörfum 21. aldarinnar. Að lokum verður fjallað um það hvaða hvatar þurfi að vera til staðar fyrir kennara til þess að breyta kennsluháttum í sinni kennslustofu.



Ísak Rúnarsson hefur verið nemandi síðastliðinn sautján ár. Undanfarin ár hefur hann beitt sér fyrir því að kennsluhættir og nám verði markvisst lagað að 21. aldar samfélagi. Nú gegnir hann formennsku í Stúdentaráði Háskóla Íslands. Hann situr í gæðaúttektarnefnd Háskóla Íslands og ráðgjafarnefnd gæðaráðs háskóla á Íslandi.

Talk for Learning – samræður til náms

Lyn Dawes, (lyn.dawes@btinternet.com)

Hvers konar menntun viljum við kennarar veita nemendum?

Breska aðalnámskráin segir til um **hvað skuli kenna** en þar er ekki lengur að finna upplýsingar um **hvernig skuli kenna**. Mælikvarði þess hvort starfshættir kennara skili árangri byggist á því að meta nám nemenda með prófum í stærðfræði, stafsetningu og málfræði meðal 5–11 ára nemenda og þekkingaratriðum námsgreina og skilningsprófum meðal 11–16 ára nemenda. Skiljanlega velja kennarar kennsluaðferðir sem hafa verið rannsakaðar og reynsla komin á í þeirri von að þær skili „betri útkomu“ á prófunum frekar en að nota nýjar aðferðir sem ekki er víst að hjálpi nemendum að ná prófunum.

Á Íslandi eins og á Bretlandi er algengast að kennarar noti hópkenndu (e. whole class instruction). http://fum.is/wp-content/uploads/2010/11/7_samuel1.pdf

Sífelld fleiri vísendingar eru um að ef nemendum er kennt að vinna saman í hóp á árangursríkan hátt og þeim fengin menntandi viðfangsefni að glíma við í samvinnu þá þroski það rökhugsun og hugarhæfni einstaklinga. Með tilkomu upplýsingatækni og miðlunar í námi er nú mikilvægara en áður að nemendum sé ekki aðeins kennd þekkingaratriði námsgreina heldur lítið þannig á að í menntun felist einnig sköpun, þrautseigja, samskipta- og samræðuhæfni og því mikilvægt að horft sé til þessara þátta í kenndu.

Sjaldan kenna kennarar nemendum með beinum hætti þá samræðufærni sem þarf til að taka þátt í hópsamræðum. Við kennarar teljum að nemendur hafi þessa færni á valdi sínu þ.e. að þegar þeir tala saman, þá skiptast þeir á að hafa orðið, spyrja viðeigandi spurninga, útskýra hvað þeir eru að hugsa og bera saman eigin sjónarmið við annarra á röklegan hátt. Nemendur geta örugglega gert þetta allt þegar þeim er leiðbeint með samræðurnar en upp á eigin spýtur finnst nemendahópnum mjög erfitt að halda röklegum samræðum gangandi. Þess vegna þurfa nemendur þjálfun í samræðum. Þeir verða smám saman meðvitaðir um að samræðurnar skipta máli fyrir menntun þeirra og hópsins. Með því að eiga samræður (e. Exploratory Talk) við aðra læra þeir að beita rökhugsun í hópnum og um leið efla þeir hugarhæfni síns sem einstaklingar. Hæfni sem skiptir máli í daglegu lífi.

Þættir sem einkenna samræður til náms, nemandi:

- tekur þátt og hvetur aðra til að taka þátt í samræðunum.
- hlustar með athygli og bregst við því sem hann heyrir,
- leggur til hugmyndir og skoðanir á opinskáan og röklegan hátt,
- skýrir hugmyndir sínar og tengir þær saman og
- ræðir sig að niðurstöðu (Mercer, 2000).

Hægt er að kenna ákveðna þætti samræðufærni:

1. *að vera hluti af hóp* – það sem við getum lagt til; sérþekkingu, hlustað með athygli, spurt ígrundaðra spurninga, almenna þekkingu, verið vinsamleg, rökstutt o.fl.,
2. hlustað hvert á annað – færni í virkri hlustun,
3. ályktunarhæfni – að biðja um rökstuðning og færa rök fyrir máli sínu, bera saman hugmyndir, skipta um skoðun þegar rökstuðningur er þess eðlis.
4. útskýra og útfæra – að setja fram eigin hugmyndir, nota viðeigandi hugtök og orðasambönd, nota og kalla fram staðreyndir og skilning,
5. nota sameiginlegar samræðureglur/rýnitalsreglur sem byggja á þáttum sem einkenna samræður til náms og nota í hópsamræðum.

Samræður nemenda eiga ekki að vera sérstakur viðburður sem á sér stað endrum og sinum heldur verða samræðurnar að vera hluti af kennslunni þannig að hver nemandi fái daglega tækifæri til að taka þátt í samræðum um hugmyndir sínar. Það þarfnast skipulags. Þegar nemendur hafa náð tökum á samræðuþáttunum og komið sér saman um samræðureglurnar er mikilvægt að gera daglega ráð fyrir tíma til samræðna. Samræðurnar eru skemmtilegar og geta tekið langan tíma! Við val og skipulag á viðfangsefnum náms þarf að gera ráð fyrir samræðum og að nemendur hafi tök á að ígrunda og gefa upplýsingar um samræðuhæfni sína og áhrif samræðnanna á nám þeirra. Það ætti einnig að biðja nemendur um að endurskoða samræðureglurnar (e. Ground Rules) og koma með hugmyndir um hvernig megi bæta þær til að þjóna samræðunum og samræðuþáttunum betur.

Í fyrirlestrinum verður fjallað um hlut samræðna í námi nemenda og lagt mat á áhrif þeirra – ekki bara hlustunar heldur einnig tjáningar – á hugsun. Fjallað verður um hvaða áhrif samræður til náms hafa á kennara og hagnýt viðfangsefni sem hægt er að nota til að efla samræður í skólastarfi.

Thinking Together

<https://thinkingtogether.educ.cam.ac.uk/about/>

Background and summary of research

<http://www.open.ac.uk/creet/main/sites/www.open.ac.uk.creet.main/files/08%20Thinking%20Together.pdf>

Mercer, N. (2000). *Words and Minds: how we use language to think together*. London: Routledge.

Samúel Lefever. (2009). Are National Curriculum objectives for teaching English being met in Icelandic compulsory schools? *Tímarit um menntarannsóknir*, 6, 107–128.

Ágrip af málstofuerindum

Í fyrri málstofulotu samanstendur hver málstofa af þremur 30 mínútna erindum ásamt umræðum. Í seinni málstofulotu eru tvö erindi í hverri málstofu. Gert er ráð fyrir tíma (1–2 mínútur) á milli erinda ef ráðstefnugestir vilja færa sig á milli málstofa.

Málstofa 1.1 – stofa M201

Ekki hvað við kennum: Efling læsis og þróun kennsluhátta á unglingastigi

Ómar Örn Magnússon, aðstoðarskólastjóri í Hagaskóla (omar@hagaskoli.is)

Í Hagaskóla hefur verið unnið markvisst að því undanfarin ár að efla læsi nemenda með fjölbreyttum leiðum. Síðastliðið haust fór af stað þróunarverkefnið *Efling læsis og þróun kennsluhátta í Hagaskóla* sem er m.a. styrkt af Erasmus+ áætluninni. Fræðilegir ráðgjafar verkefnisins eru Ingvar Sigurgeirsson og Guðmundur Engilbertsson. Í málstofunni verður verkefnið kynnt stuttlega en aðaláhersla verður á að kynna leiðir við þróun aðferða og innleiðingu nýrra hugmynda tengdum læsi og fjölbreyttum kennsluháttum.

Vinna við læsisstefnu allra grunnskóla í Vesturbænum fór af stað skólaárið 2011-2012 en hún var fullgerð vorið 2013. Ýmis verkefni tengd læsisstefnunni eru hluti af skólastarfi í Hagaskóla, meðal annars lesstund á hverjum degi þar sem allir í skólanum lesa. Kennarar hafa fengið fræðslu um mismunandi leiðir til læsis sem þeir nýta í kennslu sinni auk þess sem gripið er inn í lestrarvanda á fjölbreyttan hátt og eru snjalltæki meðal annars nýtt sem stuðningstæki. Samkvæmt Skólapólsinum mælist ánægja af lestri á unglingastigi hvergi meiri en í Hagaskóla.

Árangursríkar aðferðir í námi og kennslu: Rannsóknir og námsárangur

Guðmundur Engilbertsson, lektor við HA (ge@unak.is)

Rannsóknir gegna mjög mikilvægu hlutverki við að efla þekkingu á aðferðum í námi og kennslu sem skila góðum námsárangri. Rannsóknirnar eru hins vegar tíðar, framkvæmdar mjög víða og rannsóknarefni oft á frekar afmörkuðum sviðum. Það getur því verið erfitt fyrir starfandi kennara að fylgjast með niðurstöðum þeirra og gera sér grein fyrir hvaða ljósi þær varpa á „hvað virkar best“ í námi og kennslu. Það er því afar gagnlegt fyrir kennara þegar rannsóknir eru dregnar saman með það að leiðarljósi að fá heildstæðri mynd af niðurstöðum þeirra. Slíkar *yfirlitsrannsóknir* (e. meta-analysis), sem einnig eru nefndar *safngreiningar* eða *eftirgreiningar*, verða æ tíðari og gefa oft skýra mynd af tengslum aðferða og námsárangurs. Í málstofuerindinu verður fjallað um slíkar rannsóknir og sjónum beint að stærstu yfirlitsrannsókn á sviði menntunar (Hattie, 2009) og rætt um hvaða aðferðir í námi, kennslu og námsmati hafa hvað sterkust tengsl við námsárangur, samkvæmt henni.

Samvinnunám og skóli án aðgreiningar

Særún Magnúsdóttir, kennari í Naustaskóla, (saerun@akmennt.is)
Guðmundur Engilbertsson, lektor við HA (ge@unak.is)

Menntastefna um skóla án aðgreiningar og útkoma síðustu aðalnámskrár grunnskóla kalla á ýmsar breytingar í skólastarfi, m.a. ríkari áherslu á hæfnimiðað skólastarf en hingað til. Rétt er að huga vel að þeim náms- og kennsluaðferðum sem geta stuðlað að slíkum breytingum. Samvinnunám er vænleg leið til þess. Það stuðlar í senn að náms- og félagsfærni nemenda og fellur undir hæfnimiðað skólastarf. Það hæfir vel stefnu um skóla án aðgreiningar, þar sem fjölbreytileika nemenda er hampað og lögð er áhersla á að allir geti lært þó með ólíkum hætti sé. Niðurstöður rannsókna greina frá jákvæðum áhrifum samvinnunáms á náms- og félagslega þætti hjá ólíkum nemendahópum. Náms- og kennsluaðferðir undir hatti samvinnunáms ýta undir gagnrýna hugsun og stuðla að færni sem nauðsynleg er í námi og samskiptum við annað fólk í flóknu samfélagi. Í málstofunni verður sjónum beint að gildi samvinnunáms í skóla án aðgreiningar og því hvernig samvinnunám stuðlar að æskilegum námsvenjum og byggir upp jákvæð samskipti milli nemenda sem skapa þeim reynslu sem þroskar þá félagslega, vitsmunalega og andlega. Þá verður velt upp þeirri spurningu hvernig innleiða megi samvinnunám á markvissan hátt í skóla án aðgreiningar.

Málstofa 1.2 – stofa M202

Meistaránám í stjórnun skólastofnana: Áhrif á starfsþróun og starfshæfni skólastjóra?

Anna Þóra Baldursdóttir, lektor við HA (anna@unak.is),
Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor við HA (sigridurs@unak.is)

Í þeirri rannsókn sem hér er kynnt voru tekin viðtöl við skólastjóra sem lokið höfðu meistaránámi með áherslu á stjórnun skólastofnana við Háskólann á Akureyri. Sumir voru þegar starfandi skólastjórar meðan á náminu stóð en aðrir voru ráðnir eftir að því lauk. Meðal annars var kannað hvaða hæfni þeim fannst þeir hafa öðlast í náminu og hvernig þeir nýttu hana til þess að efla skólastarf. Niðurstöður benda til þess að skólastjórunum fannst þeir öðlast aukna hæfni, bæði persónulega og faglega. Meðal annars töldu þeir að skilningur þeirra á skólastarfi og hlutverki þeirra sem skólastjóra hefði aukist og jafnframt að starfshæfni þeirra og sjálfstraust hefði eflst. Hins vegar gekk þeim misvel að nýta aukna þekkingu og hæfni til að efla skólastarf.

Þróun skólustarfs í Árborg í anda lærdómssamfélags

Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri í Árborg (skolathjonusta@arborg.is),
Þórdís H. Ólafsdóttir, kennsluráðgjafi við skólaþjónustu Árborgar

Í málstofunni verður fjallað um það hvernig skólamálin í Árborg hafa verið endurskipulögð með þróun nýrrar skólaþjónustu þar sem hugmyndafræði lærdómssamfélagsins er höfð að leiðarljósi. Litið er á verkefnið sem þróunar- og námsferli sem byggist á sameiginlegri ígrundun og faglegum samræðum helstu aðila skólasamfélagsins. Það er gert í þeirri viðleitni að byggja upp árangursríkt og öflugt skólustarf í leik- og grunnskólum. Unnið hefur verið að sameiginlegri markmiðssetningu og gagnrýnin umræða skólastjórnenda, skólayfirvalda, starfsfólks skólaþjónustu, kennara og foreldra hefur farið fram, m.a. til að styrkja hið faglega tengslanet. Lögð er rækt við heiltæka hugsun þar sem allir stefna í sömu átt í þeirri viðleitni að bæta námsárangur og líðan nemenda. Eitt af mikilvægustu samstarfsverkefnum hefur verið að móta nýjar áherslur í vinnu með læsi í leik- og grunnskólum Árborgar. Þessar nýju leiðir skila nú þegar góðum árangri og í málstofunni verður meðal annars fjallað um þær og þær settar í fræðilegt samhengi.

Þróun lærdómssamfélags í grunnskólum Eyjafjarðar

Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir, forstöðumaður við MSHA (birnas@unak.is),
Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri í Oddeyrarskóla (kristinj@akmennt.is)

Við endurskoðun stjórnkerfis í skólum á Akureyri árið 2011 var tekin ákvörðun um að efla markvisst samstarf og teymisvinnu í leik- og grunnskólum Akureyrarbæjar. Þetta leiddi til þess að ákvörðun var tekin um þróa og innleiða hugmyndafræði lærdómssamfélags í skólum Akureyrarbæjar. Myndaður var stýrihópur til að halda utan um vinnuna og í honum voru fræðslustjóri, skólastjórnendur og ráðgjafi frá miðstöð skólaþróunar við HA. Ákveðið var að vinna fyrst með stjórnendum og síðan kennurum og öðrum í skólasamfélaginu. Í framhaldinu var öðrum skólastjórnendum úr Eyjafirði boðið að taka þátt í vinnunni sem hófst formlega haustið 2013. Gengið var út frá því að lærdómssamfélag fæli í sér þrjár meginhugmyndir:

- Stöðug áhersla á að allir nemendur læri.
- Samstarfsmenning og eindrægni um stuðning við nám bæði nemenda og fullorðinna.
- Árangursmiðaðir starfshættir sem drífa stöðugar umbætur áfram.

Á yfirstandandi skólaári var mikill þungi lagður í að leita leiða til að efla læsi og hópurinn sammæltist um að lögð yrði megináhersla á að móta læsisstefnu. Í málstofunni verður greint frá vinnunni sem átti sér stað í þróunarstarfinu, hverju hún hefur skilað og hver eru næstu skref.

Málstofa 1.3 – stofa M203

Leikjavæðing náms

Arnar Elísson, kennari í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ (arnar@fmos.is)

Leikjavæðing náms hefur verið áberandi í kennslufræðiumræðunni síðastliðin ár. Leikjavæðing er kennsluaðferð sem tekur aðferðir leikja og tölvuleikja og hannar námsefni út frá þeim. Tölvuleikir eru einn stærsti afþreyingariðnaðurinn í dag, milljónir einstaklinga spila tölvuleiki sem eru flestir byggðir á kerfi þar sem spilarinn sækist eftir verkefnum til að klára, fá umsögn og bæta sig. Leikjavæðing miðar að því að nýta það sem gerir leiki svo skemmtilega og krefjandi í almennt nám á öllum skólastigum. Ég mun leitast við að útskýra hvers vegna leikjamiðað nám getur hentað nær öllum námsgreinum og gert nemendur virkari og áhugasamari. Einnig fjalla ég um hvernig staða leikjamiðaðs náms er í heiminum og hvað fræðimenn segja að virki best í slíkri nálgun. Þá mun ég segja frá minni eigin reynslu við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ við notkun leikjamiðaðs náms. Þar bjó ég til leik úr áfanga með tilheyrandi ævintýraferðum, leynilegum verkefnum og reynslustigum sem nemendur unnu sér inn yfir önnina.

Rafrænt nám í Brekkuskóla

Helena Sigurðardóttir, kennari í Brekkuskóla (helenas@akmennt.is)

Margrét Þóra Einarsdóttir, kennari í Brekkuskóla (m@islandia.is)

Í málstofunni verður kynnt þróunarverkefnið: „Rafrænt nám í Brekkuskóla“, sem hófst haustið 2012. Markmið verkefnisins er að þróa aðferðir til að auka fjölbreytni í námi og kennslu með aðstoð tölvu- og upplýsingatækni. Helena og Margrét munu segja frá því hvernig þær hafa nýtt ýmis forrit til kennslu, eins og Book-creator, Imovie, Thinklink, Linoit, Video star, Kahoot og Foxit reader. Þær munu greina frá því hvernig þessi námsaðferð stuðlar að því að vekja áhuga nemenda á námsefninu, eykur sjálfstæði í vinnubrögðum og kemur til móts við mismunandi námsþarfir nemenda. Einnig munu þær segja frá því hvernig unnið var að sáttmála um notkun snjalltækja í skólanum með því að halda skólaþing með fulltrúum nemenda, starfsfólks, foreldra og ýmissa samtaka, og hvernig unnið var að námskrá um upplýsingatækni í öllum bekkjum skólans.

Viðmið um gæði náms og kennslu

Kristinn Svavarsson, aðstoðarskólastjóri í Laugarnesskóla (kristinn.svavarsson@reykjavik.is)

Árið 2010 hóf Laugarnesskóli, í samstarfi við Álftamýrarskóla og Hamarskóla í Reykjavík, þátttöku í verkefninu Viðmið um gæði náms og kennslu. Verkefnið var unnið undir leiðsögn John Morris, skólastjóra Ardleigh Green Junior School í Hornchurch í Bretlandi, og í umsjón Nönnu Kristínar Christiansen. John Morris hafði getið sér góðs orðs í heimalandi sínu fyrir afburða árangur í skólastarfi og höfðu hans nemendur sýnt miklar framfarir í námi. Horft var til þess að skoða hvað það væri í starfsháttum Ardleigh Green sem orsakaði þennan afburða árangur nemenda. Skólastjórar skólanna þriggja heimsóttu Ardleigh Green og kynntu sér

áherslur og starfshætti. Það sem vakti athygli var að allir, kennarar sem nemendur, höfðu skilgreint hvaða meginþættir römmuðu inn gott skólastarf og hvað einkenndi góða nemendur, námsumhverfi og kennara. Samræmi var í starfsháttum allra kennara um uppbyggingu kennslustunda, námsmat og verkefni. Nemendur voru upplýstir um tilgang kennslustunda og inntak, aðferðir til að ná árangri og hvað væri góður árangur. Það sem vakti sérstaka athygli var hversu nemendur tóku virkan þátt í öllum kennslustundum og hversu vel tíminn var nýttur. Eftir að ákveðið var að stuðla að álíka aðferðum í skólastarfi hér heima fyrir var það því eitt fyrsta verkefni skólanna þriggja að skilgreina viðmið um gæði náms og kennslu.

Málstofa 1.4 – stofa L201

How can teacher – student dialogue help students to learn?

Neil Mercer, prófessor við Cambridgeháskóla

Í málstofunni verður fjallað um samræður kennara og nemenda í skólastofunni. Horft verður til þess hvernig kennarar sem ná mestum árangri eiga samskipti við nemendur sína, rannsóknir hafa sýnt að sumar tegundir samræðna styðja sérstaklega vel við nám nemenda og auka hæfni þeirra til að tjá sig og hugsa.

This session will focus on teacher-student talk in the classroom. Through looking at how some of the most effective teachers interact with their students, researchers have found that some kinds of dialogue are particularly helpful for helping students learn and for developing their skills in using language for thinking.

Kúnstin að tala saman

Fjóra Kristín Helgadóttir, deildarstjóri í Oddeyrarskóla (fkh@akmennt.is)

Í kynningunni verður sagt frá starfendarannsókn sem unnin var með kennurum á unglíngastigi í Oddeyrarskóla skólarárið 2012–2013. Tilgangur verkefnisins var að auka þátt samræðunnar í námi, m.a. í ljósi innleiðingar Aðalnámskrár grunnskóla frá 2011, þar sem áhersla er lögð á samræðu og samvinnu. Leitast var við að finna svör við spurningunni: Hvaða leiðir er hægt að fara til að þjálfar nemendur í að ræða saman um nám sitt á skipulegan og gagnrýninn hátt, svo þeir verði virkari og ábyrgari í námi sínu og sjái möguleikann í hinu talaða máli sem öflugra leið til náms?

Niðurstöður gefa til kynna að til þess að nemendur nái að nýta sér samræður til að verða virkari og öflugri námsmenn, þurfi þeir að ná tökum á ákveðnum samræðuaðferðum og það krefst töluverðrar þjálfunar. Einnig þarf að huga að fjölmörgum öðrum þáttum sem snúa m.a. að viðteknum ríkjandi viðhorfum til náms. Bæði kennarar og nemendur verða að einhverju leyti að tileinka sér ný vinnubrögð og jafnvel velta fyrir sér grundvallarspurningum sem lúta að námi.

Hugleikur: Samræður til náms

Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor við HA (ghf@unak.is),
Fríða Pétursdóttir, kennari í Glerárskóla (fridap@akmennt.is),
Helga María Þórarinsdóttir, kennari á Lundarseli (helgam@simnet.is),
Jórunn Elísdóttir, dósent við HA (je@unak.is),
Snorri Björnsson, kennari við VMA (snorri@vma.is)

Hugleikur – samræður til náms er samstarfsverkefni MSHA, kennaradeildar HA og sex leik-, grunn- og framhaldsskóla. Verkefnið hófst formlega haustið 2014 og tekur það mið af íslenskrumenntastefnu eins og hún birtist í aðalnámsskrám. Markmið verkefnisins er að stuðla að aukinni hæfni barna og ungs fólks til að taka þátt í samræðum í daglegu skólastarfi. Verkefnið er þverfaglegt og hefur gildi fyrir kennara og nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Margvíslegar rannsóknir á samræðum hafa sýnt að þær efla ígrundun nemenda og hugsun þeirra um eigin hugsunaraðferðir. Samræðuaðferðir fela í sér að spyrja spurninga sem hvetja til ígrundunar í þeim tilgangi að efla með nemendum gagnrýna hugsun og hæfni til að ræða saman.

Á málstofunni verður sagt frá verkefninu, gildi þess og framvindu en nýnæmi þess felst í að rannsaka áhrif samræðuaðferða á nám og að þróa leiðir til að beita náms- og kennsluaðferðum sem stuðla að hæfni sem skiptir máli fyrir einstaklinga og samfélag á 21. öldinni.

Málstofa 1.5 – stofa L202

Skilaboðaskjóðan í Mánagarði

Íris Dögg Jóhannesdóttir, aðstoðarleikskólalastjóri á leikskólanum Mánagarði (iris@fs.is)

Lestur er undirstaða alls náms og því mikilvægt að leggja grunninn strax í leikskóla. Í hversdagslífinu sjá börn allskonar tákni, þau læra að þekkja myndir og tákni sem standa fyrir ákveðna hluti og þau taka oft ákvarðanir út frá þeim. Leikskólinn Mánagarður starfar eftir bandarísku uppeldisstefnunni HighScope og þar er lögð áhersla á merkingar og sýnileika. Skilaboðaskjóðan á Mánagarði er stór hluti af því að ýta undir áhuga á lestri. Á hverjum morgni er farið yfir skilaboðaskjóðu á hverri deild með barnahópnum og börnin hvött til að „lesa“ sjálf. Skilaboðin eru teikningar, orð, stafir og/eða tölustafir og börnin „lesa“ um atburði sem hafa áhrif á daginn þeirra. Með því að númera skilaboðin er ýtt undir stærðfræði því börnin læra tölustafina, læra að telja og átta sig á fjölda og magni. Skilaboðin hafa persónulega þýðingu fyrir börnin og því hafa þau mikinn áhuga á þeim. Skilaboðaskjóðan ýtir undir lestur, eflir málþroska og hljóðkerfisvitund, hvetur til samræðna, lesturs og skriftar og börnin læra lestraráttina. Skilaboðaskjóðan er árangursrík leið til að efla læsi.

Við erum öll í sama liði: Bernskulæsi í leikskólum Reykjanesbæjar

Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir, leikskólafulltrúi í Reykjanesbæ
(ingibjörg.hilmarsdottir@reykjanesbaer.is)

Kolfinna Njálisdóttir, sérkennsluráðgjafi við leikskóla Reykjanesbæjar

Í Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði hefur verið unnið að þróunarverkefni í leik- og grunnskólum sem ber heitið Framtíðarsýn í menntamállum með áherslu á grunnþættina læsi og stærðfræði. Skólastjórar leik- og grunnskólanna settu sér markmið og mótuðu sér læsisstefnu út frá hugmyndafræði hvers skóla.

Leikskólarnir hafa unnið að þessu verkefni með ýmsu móti og eftir fjölbreyttum leiðum. Lögðu leikskólastjórar fram áætlanir til fimm ára í upphafi verkefnisins þar sem kom fram hvornig skyldi unnið með þessa grunnþætti í öllum þáttum leikskólastarfsins. Höfuðáherslan hefur verið á samstarf milli leikskóla og skólastiga og einnig að virkja foreldra í leikskólanámi barna sinna.

Mikilvægt er að geta metið hvort nýjar leiðir í námi ungra barna og áherslur skili árangri og erum við þá sérstaklega að horfa á bernskulæsið. Ákveðið var að nýta Hljóm–2 betur sem tæki til að meta árangur og einnig Leið til læsis skimunarpróf, sem lagt er fyrir að hausti í fyrsta bekk grunnskóla.

Það sem meðal annars var skoðað og nálgast á nýjan hátt voru niðurstöður úr Hljóm–2, sem er notað af öllum leikskólum á svæðinu. Prófið hafði verið notað í um 10–12 ár, en ekki hafði þó verið rýnt í niðurstöður eða skoðað hvar væru sóknarfæri til að gera betur og markmiðið er að bæta námið í leikskólanum með tilliti til bernskulæsis og að styðja hvern einstakling til að ná sem bestum tókum á lestrarfærni.

Í málstofunni verða þær leiðir kynntar sem leikskólar Reykjanesbæjar hafa farið til að efla læsi og einnig hvornig árangurinn hefur verið metinn.

Leikum okkur með orðum: Þróunarverkefni með tvítyngdum börnum og foreldrum þeirra

Nichole Leigh Mosty, skólastjóri á leikskólanum Ösp (nichole.leigh.mosty@reykjavik.is)

Í Leikskólanum Ösp höfum við verið að þróa og bæta kennsluhætti og fagleg vinnubrögð í tengslum við málrækt og læsi með sérstakri áherslu á tvítyngd börn og foreldra þeirra. Í erindinu verða kynntar fjölbreyttar leiðir til málörvunar. Í Leikskólanum Ösp leggjum við áherslu á samstarf við foreldra að málörvun. Við höfum meðal annars boðið upp á íslenskunámskeið fyrir foreldra þeim að kostnaðarlausu, bakpoka með verkefnum til málörvunar heima og unnið er að myndbandi sem lýsir hagnýtum aðferðum í málörvun. Við höfum unnið með það að efla skilning á mikilvægi málræktar bæði hjá starfsfólki og foreldrum. Grunnur í starfsemi okkar, og í rauninni gildi, er falinn í því að við vinnum óháð tungumálalabakgrunni og einbeitum okkur að aðferðum og kenningum um málþroska almennt. Verkefnið er mikilvægt því það stuðlar að uppbyggilegu samstarfi milli heimilis og skóla, sérstaklega hvað varðar tví- og fjöltyngd börn. Vísbendingar eru um að þær starfsaðferðir sem við höfum þróað í Leikskólanum Ösp skili árangri hjá börnum. Mikilvægt er að styðja betur við börnin með því að efla enn frekar samskipti og samstarf við foreldra. Verkefnin sem fjallað er um í erindinu fela í sér tækifæri til að ná þessum tengslum.

Málstofa 1.6 – stofa L203

Leiðsagnarmat og vörðuvikur

Ívar Rafn Jónsson, kennari í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ (ivar@fmos.is)

Birgir Jónsson, kennari í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ (birgir@fmos.is)

Í þessu erindi segjum við frá starfendarannsókn tveggja kennara sem þróuðu aðferð til að bæta leiðsagnarmat í áföngum sínum við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ (FMOS). Aðferðin fólst einkum í að auka samtál milli nemenda og kennara með aðferð sem við köllum "vörðuvikur". Til að meta árangurinn tókum við rýniviðtal við hóp nemenda sem lýstu upplifun sinni af verkefninu og komu með hugmyndir um hvernig mætti þróa aðferðina áfram. Við lýsum hvernig við framkvæmdum vörðuvikurnar og gerum grein fyrir helstu niðurstöðum úr rýnihópnum. Með hliðsjón af niðurstöðum úr rýnihópnum veltum við upp spurningum varðandi gildi einkunnna í námsmati og hvaða lærdóm við kennarar getum dregið af verkefninu, sérstaklega með hliðsjón af því hvort kennarar séu að gefa sér nægilegan tíma og svigrúm til að "tala við" nemendur um nám þeirra. Þegar þetta er skrifað er grein um verkefnið í ritstjórnarferli hjá vef tímaritinu Netlu.

Verkefnamiðað nám, leiðsagnarmat, grunnþættir og lykilhæfni, námsmat og ég – kennarinn!

Sverrir Árnason, kennari í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ (sverrir@fmos.is)

Í erindinu verður gerð grein fyrir hvernig það var að byrja sem nýr kennari í nýjum skóla þar sem stuðst er við verkefnamiðað nám og leiðsagnarmat og hvernig ég hef þróað kennsluaðferðir og kennsluefni íslenskuefnis út frá þeim þáttum. Einnig verður gerð grein fyrir framgangi verkefnis sem styrkt var af Sprotasjóði árin 2013 og 2014. Markmið þess var að búa til verkefni til að nota í íslenskukennslu á framhaldsskólastigi út frá völdum sviðum lykilhæfninnar og hanna og þróa námsmat verkefnanna út frá hæfniviðmiðum íslenskunnar eins og þau eru fram sett í aðalnámskrá 2011. Í tengslum við ofangreind atriði verða sýnd og rædd valin verkefni sem ganga út frá því að námið sé verkefnamiðað og stuðst er við leiðsagnarmat. Þá mun ég gera grein fyrir því hvernig ég hef unnið með grunnþættina og lykilhæfnina með það að markmiði að auka námsáhuga og námsvitund nemenda ásamt því sem sýnd verða dæmi af umsögnum nemenda við þessum verkefnum. Ítarefni um verkefnamiðað nám og leiðsagnarmat má nálgast í grein eftir mig í desemberútgáfu Skímu, málgagns Samtaka móðurmálskennara, einnig á: http://www.ylhyramalid.is/?page_id=11.

Persónumennt og hugleiðingar um framtíð menntunar

Hlín Rafnsdóttir, kennari í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ (hlin@fmos.is)

Jóna Svandís Þorvaldsdóttir, kennari í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ (jona@fmos.is)

Áskoranir nútímans krefjast breyttra áherslna í menntun. Í erindinu verður fjallað um nám og kennslu á 21. öldinni og fjallað um mögulega framþróun menntunar út frá hugtakinu persónumennt (e. character education). Persónumennt felur í sér aukna áherslu á að efla

félags- og tilfinningalega þætti í námi samhliða hæfni og vitsmunalegum þáttum. Byggt verður á hugmyndum Charles Fadel um persónumennt og sagt frá helstu niðurstöðum ráðstefnu um málefnið sem fór fram á vegum Center for Curriculum Redesign í haust. Gerð verður grein fyrir samspili persónumenntar við grunnþætti og lykilhæfni í nýrri aðalnámskrá og sett fram dæmi um mögulegar útfærslur í kennslu og námsmati ásamt umfjöllun um fyrstu tilraunir okkar til þess að nýta það sem við höfum lært.

Málstofa 2.1 – stofa M201

Catalyst: Rafræn skráning í atferlisþjálfun

Auður Friðriksdóttir, atferlisþjálfari á leikskólanum Sjálandi (serkennsl@sjaland.is)
Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, atferlisþjálfari á leikskólanum Sjálandi (serkennslja@land.is)

Með rafrænni skráningu í Catalyst fæst betri yfirsýn yfir alla þjálfun barnsins. Með betri yfirsýn verður þjálfun skilvirkari þar sem auðveldlega er hægt að endurmeta flokka í þjálfun og bæta við eða draga úr kröfum í þjálfun. Þannig stuðlar skráningin að yfirgripsmeiri þjálfun sem hjálpar barninu í að auka við hæfni sína í fleiri aðstæðum hverju sinni. Með nákvæmari skráningum á öllum atriðum þjálfunar er mögulegt að endurmeta flokka í þjálfun jafnóðum, t.d. með línuritum sem kalla má fram án nokkurs undirbúnings. Catalyst veitir möguleika á símati í þjálfun. Það sýnir þér hvort þú ert raunverulega að ná árangri í þjálfun.

Menntun tvítýngdra barna í íslensku skólakerfi í ljósi skóla án aðgreiningar og fjölmennningarlegrar menntunar

Magdalena Zawodna, kennari á leikskólanum Barnabóli (magda@langanesbyggd.is),
Hermína Gunnþórsdóttir, lektor við HA (hermina@unak.is)

Í erindinu verður greint frá niðurstöðum rannsóknar sem hafði að meginmarkmiði að kanna reynslu, viðhorf og væntingar foreldra tvítýngdra barna varðandi leik- og grunnskólanám barna þeirra. Markmiðið var einnig að kanna þekkingu foreldranna á réttindum tvítýngdra barna. Viðfangsefnið var skoðað út frá lögum og aðalnámskrám, skrifum fræðimanna og rannsóknum sem gerðar hafa verið á þessu sviði. Rannsóknarspurningin var: Er komið til móts við þarfir tvítýngdra barna á leik- og grunnskólaaldri að mati foreldra þeirra? Viðtöl voru tekin haustið 2013 við 12 pólska foreldra sem áttu börn í íslenskum leik- eða grunnskólum. Helstu niðurstöður sýndu að foreldrarnir töldu að ekki væri komið nægilega vel til móts við þarfir tvítýngdra barna og foreldra þeirra í leikskólum og grunnskólum sem rannsóknin náði til og að þörf væri fyrir heildarendurskoðun og opinbera stefnumótun varðandi skólanám tvítýngdra barna. Ennfremur töldu foreldrarnir að nauðsynlegt væri að endurskoða kennsluaðferðir út frá hugmyndafræði fjölmennningarlegs náms og fjölbreyttum kennsluaðferðum og að efla kunnáttu íslenskra kennara til að kenna fjölmennningarlegum bekkjum með skóla án aðgreiningar sem fyrirmynd. Foreldrarnir sem þátt tóku í rannsókninni þekktu ekki rétt tvítýngdra barna í íslensku skólakerfi þegar börnin hófu nám sitt og var þekking þeirra á réttindum þeirra enn takmörkuð þegar rannsóknin fór fram.

Málstofa 2.2 – stofa M202

Lykilhæfni í list- og verkgreinum

Rannveig Sigurðardóttir, deildarstjóri í Oddeyrarskóla (rannvei@akmennt.is),
Ragnheiður Ásta Einarsdóttir, kennari í Oddeyrarskóla (ragnheidura@akmennt.is),
Sigrún Finnsdóttir, kennari í Oddeyrarskóla (sifi@akmennt.is)

Í erindinu verður sagt frá því hvernig fyrirkomulag kennslu í list- og verkgreinum á yngsta stigi hefur þróast undanfarin tvö ár og hvernig við sjáum það þróast áfram í takt við nýja Aðalnámskrá grunnskóla. Í Oddeyrarskóla hefur fyrirkomulag kennslu almennt breyst töluvert undanfarin ár. Mikil er unnið í kennarateyminum og einnig er unnið töluvert með aldursblandaða hópa. Fyrirkomulag í sumum kennslugreinum hefur breyst í þá átt að kennt er í smiðjum þar sem börnin fá samfellda kennslu í ákveðinni grein í nokkrar vikur og svo er skipt á milli greina. Með þessu móti verður markmiðssetning skýr og mat á framvindu og framförum einfaldara og skýrara í framkvæmd.

Í kjölfar útgáfu á nýrri Aðalnámskrá fór starfsfólk skólans strax að vinna að þeim lykilþáttum sem þar birtast. Lykilhæfni nemenda er auðvitað grundvallarþáttur þar og eru smiðjurnar m.a. þáttur í að efla þá hæfni. Matið á smiðjum byggir því að einhverju leyti á þáttum lykilhæfninnar. Almenn ánægja er meðal nemenda og kennara með þetta skipulag og innihald námsins og kemur það m.a. fram í sjálfsmati nemenda og foreldraviðtölum.

Sjónrænt skipulag – hvatning til góðrar vinnu

Elín Sigurbjörg Jónsdóttir, sérkennsluráðgjafi við Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar
(elins@akureyri)

Skipulögð kennsla (e. structured teaching) er kennsluaðferð sem var þróuð í Norður-Karólínufylki í Bandaríkjunum og er hluti af TEACCH hugmyndafræðinni (Treatment and Education of Autism and related Communication handicapped Children).

Aðalsmerki þessarar aðferðar er skýrleiki í skipulagi og að öll verkefni eru skýrt fram sett þannig að það sé alveg ljóst hvað á að gera, hvar á að byrja og hvenær verkefnið er búið. Nemandinn fær alltaf sjónrænan stuðning með fyrirmælunum, t.d. með hlutum, myndum, stikkorðum eða skriflegum leiðbeiningum. Nemandanum er þannig gert sem allra auðveldast að átta sig á umhverfi sínu og þeim kröfum sem gerðar eru til hans um vinnu og hegðun.

Þessi kennsluaðferð hefur verið í notkun í leik- og grunnskólum á Akureyri og nágrenni í um tvo áratugi. Lengst af var hún fyrst og fremst verið notuð við kennslu einhverfra barna. Eftir því sem meiri reynsla hefur fengist af gagnsemi aðferðarinnar hafa kennarar hins vegar í auknum mæli tekið upp ýmsa þætti aðferðarinnar og notað í almennri kennslu. Mesta reynslan er af því að setja allt skipulag fram í aðgengilegu sjónrænu formi fyrir alla nemendur. Aukin reynsla er að fást af því að setja verkefnið í þennan búning. Þetta á við jafnt um verkefni í bóklegum sem verklegum greinum.

Málstofa 2.3 – stofa M203

Ný námskrá VMA: Ytri þættir og áhrif þeirra

Benedikt Barðason, áfangastjóri við VMA (bensi@vma.is)

Anna María Jónsdóttir, verkefnastjóri við VMA (annamaria@vma.is)

Haustið 2015 verður tekin upp ný námskrá í Verkmenntaskólanum á Akureyri (VMA) sem byggir á lögum um framhaldsskóla frá 2008 og aðalnámskrá frá 2011. Aðalnámskráin byggir á sex grunnþáttum sem eru sameiginlegir skólastigunum þremur, leik-, grunn- og framhaldsskólastiginu. Einnig er öllu námi á framhaldsskólastigi að mestu skipt niður á þrjú hæfniprep. Í lögnum er það hlutverk framhaldsskólans undirstrikað að hann stuðli að alhliða þroska, virkri þátttöku, bjóði nám við hæfi og efla umburðarlyndi nemenda. Í lögnum er líka hnykktt á ótvíræðum rétti nemenda til að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs.

Í málstofunni er aðdragandi breytinganna rakinn stuttlega, ólík staða bók- og verknáms og hvernig grunnþættirnir, hæfniviðmið háskóla og þrepaskipting hefur áhrif á bratalýsingar. Við breytingarnar þurfti VMA að marka stefnuna sem m.a. tengdist gildum skólans, lokamarkmiðum náms við skólann, skólabrag og endurskoðun á námsframboði. Samhliða breytingunum voru búnir til nýir áfangar með það að markmiði að rækta það besta í nemandanum, glæða áhuga hans á náminu og efla sjálfstæði hans, sjálfstraust, félagsþroska og samskiptahæfni. Búa einstaklinginn betur undir að takast á við áskoranir daglegs lífs – sem er eitt þema þessarar ráðstefnu.

Heilsumarkmiðin mín

Rakel Dögg Hafliðadóttir, námsráðgjafi í Framhaldsskólanum á Húsavík (rakel@fsh.is),

Ingólfur Freysson, kennari og brautarstjóri í Framhaldsskólanum á Húsavík (ingolfur@fsh.is),

Gunnar Árnason, kennari í Framhaldsskólanum á Húsavík (gunniarna@fsh.is),

Brynhildur Gísladóttir, skólahjúkrunarfræðingur í Framhaldsskólanum á Húsavík
(brynhildur@fsh.is)

Þetta er annar veturinn sem verkefnið er í gangi en það beinist sérstaklega að nýnemum við FSH. Verkefnið felst annars vegar í fyrirlögn spurningalista í fjögur skipti yfir skólaárið, en listinn inniheldur spurningar tengdar lífnaðarháttum. Hins vegar felur það í sér að í upphafi bæði haust- og vorannar setja nemendur sér mælanleg markmið innan fjögurra meginþátta; svefnvenja, andlegar líðanar, mataræðis og hreyfingar. Markmiðasetning er framkvæmd í einstaklingsviðtali við einn af skipuleggjendum verkefnisins. Verkefnisstjórnin er skipuð þremur starfsmönnum skólans og einum aðila frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, þ.e. íþróttakennara, námsráðgjafa, sálfræðikennara og hjúkrunarfræðingi. Á skólaárinu fara nemendur fjórum sinnum í viðtöl þar sem staða og árangur er metinn. Að auki fer fram markviss fræðsla og verkefnavinna í lífsleiknitímum og bóklegum íþróttatímum við skólann er snúa að meginþáttunum fjórum. Áhersla er lögð á að meta heilsufarslegan ávinning þess að setja sér skýr markmið um bættu lífnaðarhætti, sem og að ferlimat sé framkvæmt gegnum sjálfsmat nemenda á verkefninu. Náin samvinna hefur verið höfð við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og stýrihóp heilsueflandi framhaldsskóla í tengslum við verkefnið. Einnig hefur samstarf verið við Háskóla Íslands, varðandi möguleikann á að meistaranemi/ar í íþrótt- og

heilsufræðum/lýðheilsufræðum geti nýtt sér verkefnið. Á áætlun er að bjóða nemendum á 2., 3. og 4. ári náms að halda áfram að vinna að heilsumarkmiðum sínum.

Málstofa 2.4 – stofa L201

Leiðir sem efla læsi: Nám barna – hlutverk foreldra

Ingibjörg Auðunsdóttir, sérfræðingur á MSHA (ingibj@unak.is)

Ýmsar erlendar og innlendar rannsóknir staðfesta að þátttaka foreldra í námi barna sinna, eða skortur á henni, hafi umtalsverð áhrif á árangur barnanna. Einnig hefur lengi verið vitað að stuðningur og reynsla barns, sem það fær innan fjölskyldu, ekki síst styðjandi samskipti við foreldra og sögulestur hefur áhrif á málþroska og læsinnám barnsins. Áhrif fjölskyldu á nám barns hætta ekki þegar það hefur skólagöngu. Því er mikilvægt að rannsaka samstarfið á milli skólans og fjölskyldunnar.

Markmið þess hluta Byrjendalæsisrannsóknarinnar sem kynntur verður í erindinu er að kanna foreldrasamstarf í tengslum við læsismenntun. Með rannsókninni er leitast við að greina þarfir foreldra, hvernig hægt er að styrkja samstarfið og finna leiðir til að efla foreldra sem stuðningsaðila við læsinnám barna sinna. Viðtöl voru tekin við tæplega 40 foreldra barna í 1. og 2. bekk í sex þáttökuskólum á árunum 2012 – 2014. Foreldrar voru meðal annars spurðir um hvernig reglulegu foreldrasamstarfi um læsinnám barnsins er háttað, hvernig læsinnám barnsins fer fram heima og um hlutverk aðila. Í erindinu verður sagt frá reynslu foreldra barnanna af samstarfi við umsjónarkennara um læsinnám barnanna.

Nokkur einkenni starfshátta kennara sem nota kennslulíkan

Byrjendalæsis

Halldóra Haraldsdóttir, lektor við HA (hh@unak.is)

Skilgreiningarnar á læsi hafa á síðustu áratugum breyst frá þröngu sjónarhorni um það að lesa og skrifa til víðari skilgreiningar um að læsi feli m.a. í sér talmál, hlustun, lestur, ritun og skilning. Virkur lesandi notar jafnframt fyrri þekkingu sína, beitir gagnrýninni hugsun og skapar merkingu þegar hann les. Að kenna börnum lestur felur því í sér fjölbreytilegar námsathafnir á víðtækum grunni. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir afmörkuðum niðurstöðum úr rannsókn á Byrjendalæsi en markmið rannsóknarinnar er að skoða læsismenntun sem fram fer undir merkjum kennslulíkansins. Unnið verður úr gögnum sem aflað var í vettvangsathugunum, viðtölum við kennara og nemendur og rituðum gögnum í átta þáttökuskólum. Sjónum verður beint að tilhöggun kennslu í völdum þáttum læsiskennslu, s.s. stigskiptum stuðningi, námsaðlögun, samvinnu nemenda og bekkjarstjórnun auk beinnar læsiskennslu. Niðurstöður verða bornar saman við erlendar rannsóknarniðurstöður um skilvirka lestrarkennara. Leitast verður við að svara spurningunni; eru kennsluaðferðir í Byrjendalæsi í takt við það sem rannsóknir sýna að beri árangur og efla læsi?

Málstofa 2.5 – stofa L202

Námsaðlögun og þátttaka nemenda í læsisnámi á yngsta stigi grunnskóla

Rúnar Sigbórsson, prófessor við HA (runar@unak.is),
Kjartan Ólafsson, lektor við HA (kjartan@unak.is)

Í þessari málstofu verða kynnt gögn úr yfirstandandi rannsókn á læsismenntun á yngsta stigi grunnskóla. Kynntar verða niðurstöður úr svörum um það bil 600 kennara í 1.–4. bekk við spurningum úr spurningakönnun um aðferðir þeirra við að laga nám að ólíkum þörfum nemenda og stuðla að virkni nemenda og þátttöku í ákvörðunum um námið. Sextíu og þrjú prósent kennaranna starfa við skóla sem tekið hafa upp Byrjendalæsi í samvinnu við miðstöð skólaþróunar við HA en þrjátíu og sjö prósent svarenda starfa við skóla sem ekki hafa tekið þá aðferð upp. Þetta gefur færi á að draga upp mynd af starfsháttum kennara í hvorum hópi skóla fyrir sig. Frumniðurstöður sýna að mikill meirihluti svarenda telur sig allaf eða næstum alltaf geta lagað markmið námsins, skipulagið á vinnu nemenda, skil verkefna og námsumhverfi að þörfum nemenda. Þegar spurt var um einstaka þætti sem ætla má að einkenni námsaðlögun, svo sem stigskiptan stuðning, þátttöku og val nemenda, leiðsagnarmat og samvinnunám, benda svörin aftur á móti til þess að námsaðlögun og þátttaka nemenda sé ekki eins langt á veg komin. Í málstofunni verða þessi svör greind nánar með það fyrir augum að draga upp skýrari mynd af tilhögun námsaðlögunar í skólum svarenda.

Hugsmíðar og hæfnimiðað nám í Byrjendalæsi

Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor við HA (sigridurs@unak.is)
Rúnar Sigbórsson, prófessor við HA (runar@unak.is)

Í Byrjendalæsi, sem um 80 skólar hafa innleitt á undanförunum árum í samvinnu við miðstöð skólaþróunar við HA, er meðal annars lögð áhersla á nám í anda hugsmíðahyggju og ýmsa hæfniþætti sem einnig er lögð áhersla á í Aðalnámskrá grunnskóla. Auk grunnþátta í læsi á borð við lestur, ritun og tjáningu, má nefna námsvitund, samvinnuhæfni, gagnrýna hugsun, sköpun, sjálfstæði í vinnubrögðum og jákvætt viðhorf til náms. Í þessu erindi verður fjallað um það sem fram kemur í viðtölum við kennara í sex Byrjendalæsissskólum um eigin kennslu og árangur nemenda í þessum hæfniþáttum. Í viðtölunum telja flestir viðmælenda að þátttaka skólanna í Byrjendalæsi hafi aukið meðvitund þeirra sjálfra og áherslu á ofangreinda þætti í læsisnámi nemenda og aukið árangur nemenda í þeim. Í erindinu verður einnig hugað nánar að mati á árangri nemenda í ofangreindum hæfniþáttum, bæði í formlegum læsisprófum sem nemendur í Byrjendalæsissskólum taka, í samræmdu prófi í íslensku í 4. bekk og í námsmati kennara sjálfra. Fátt bendir til að þessi árangur sé metinn í framangreindum prófum en í erindinu er einnig leitað svara við því hvaða viðmið kennarar leggja til grundvallar í námsmati sínu, hversu formlegt það er og á hvaða gögnum það er byggt.

Málstofa 2.6 – stofa L203

Samræðulota um efni ráðstefnunnar

Hólmfríður Árnadóttir, sérfræðingur á MSHA (hoa@unak.is)

Á málstofunni er gert ráð fyrir að ráðstefnugestir geti tekið þátt í samræðu um efni ráðstefnunnar. Fundarstjóri verður á staðnum sem sér um að taka efni samræðunnar saman og koma henni til þátttakenda á málstofunni að henni lokinni.

Spurningar sem hægt er að hafa til hliðsjónar í samræðunni

- Hvað er hæfnimiðað nám?
- Hvað þýðir áhersla á hæfnimiðað nám fyrir skólastarf?
- Hefur áhersla á hæfnimiðað nám í för með sér breytingar á skólastarfi og þá hvaða?